



**ORKUSTOFNUN**

**Hallgeirsstaðir í Jökulsárhlíð.  
Efnasamsetning kalds vatns**

**Magnús Ólafsson**

**Greinargerð MÓ-90-06**

## Hallgeirsstaðir í Jökulsárhlíð Efnasamsetning kalds vatns

### Inngangur

Þann 27. september síðastliðinn voru tekin sýni af köldu vatni að Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð, N-Múlasýslu. Sýnin voru tekin að beiðni Þórarins Hrafnkelssonar í þeim tilgangi að kanna efnainnihald vatnsins með tilliti til hugsanlegs bleikjueldis. Annað sýnið (9060) var tekið úr lind utan og ofan við bæinn, þeirri sömu og nýtt er sem vatnsból fyrir bæina á Hallgeirsstöðum. Þórarinn hefur fylgst með rennslí úr lindinni um nokkurn tíma og er það nokkuð stöðugt um 7-8 l/s. Hitt sýnið (9061) var aðallega tekið til að kanna sýrustig og járn- og manganstyrk í útfalli frá heimarafstöð.

### Efnasamsetning vatnsins

Sýnin hafa verið efnagreind á efnarannsóknarstöfu Orkustofnunar og eru niðurstöður sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)

Staður	Lind	Rafstöð
Númer	9060	9061
Hiti (°C)	4,0	3,1
Sýrustig (pH/°C)	7,1/16	7,6/16
Kísill (SiO <sub>2</sub> )	19,6	16,2
Natríum (Na)	7,3	5,0
Kalíum (K)	0,46	0,36
Kalsíum (Ca)	7,2	5,6
Magnesíum (Mg)	3,47	2,56
Járn (Fe)	0,004	0,21
Mangan (Mn)	<0,0005	0,029
Karborat (CO <sub>2</sub> (t))	36,9	16,8
Súlfat (SO <sub>4</sub> )	2,03	1,66
Brennist.vetni (H <sub>2</sub> S)	<0,03	<0,03
Klóríð (Cl)	7,18	5,34
Brómíð (Br)	0,03	0,01
Flúoríð (F)	0,029	0,024
Uppleyst efni	49	43
Nítrat (NO <sub>3</sub> )	<0,01	0,02

Vatnið á báðum ofangreindum stöðum virðist vera ágætt neysluvatn nema styrkur járn og mangans er nokkuð hár í vatninu úr útfalli frá rafstöðinni, líklega full hár til að vatnið geti nýst til klaks og seiðældis. Reyndar er lítið til af haldbærum upplýsing-

um um það hvað sé heppilegt fiskeldisvatn með tilliti til efnainnihalds. Af þessum sökum er ráðlagt að bera efnagreiningu vatnsins undir fiskeldisfræðing áður en ákvörðum er tekin um framkvæmdir. Líklegt er talið að hár járn- og manganstyrkur stafi af óhreinindum úr vatnsvél og rörum. Einnig er hugsanlegt að yfirborðsvatn og/eða mýr- arvatn komist í "miðlunarlón" ofan við rafstöð.